

# Stefna um notkun á kökum

Þessi stefna er veitt af fyrirtækjasamstæðu T. Rowe Price, þar á meðal dóttur- og systurfyrirtækjum þess, til að veita þér upplýsingar um notkun vefkaka og svipaðrar tækni í stafrænu efni frá okkur, t.d. Vefsvæðum okkar, snjallforritum eða tölvupósti. Stefnan á við um samskipti við fyrirtækjasamstæðu T. Rowe Price, nema þú hafir samskipti við okkur varðandi vöru, þjónustu, dótturfélag, systurfélag eða stafræna eign sem heyrir undir aðra stefnu um notkun á kökum (eða ákvæði um vefkökur í annarri persónuverndaryfirlýsingu eða -stefnu).<sup>1</sup>

Kökur og álíka tækni – svo sem vefvitar, staðbundnar geymslur, merki og myndeindir – eru litlar texta- eða myndskrár sem eru settar í tölvuna eða viðkomandi tæki þegar þú opnar vefsvæði okkar eða færð stafrænt efni frá okkur. Kökur eru mikið notaðar af ýmsum ástæðum, svo sem til að gera vefsvæðum kleift að vinna með skilvirkum hætti og til að safna upplýsingum um þig og það sem þú kýst að nota á netinu. Til að auðvelda málið vísum við í alla þessa tækni sem „vefkökur“.

Hafðu í huga að kökur eru oft notaðar til að virkja og bæta ákveðnar aðgerðir sem stafrænt efni þarf að búa yfir, og ef þú velur að óvirkja ákveðnar kökur er líklegt að það hafi áhrif á hvernig stafræna efnið okkar virkar. Til dæmis, ef vafrinn er stilltur á að óvirkja eða samþykkja ekki vefkökur gæti verið að sumt efni sé ekki tiltækt fyrir þig eða að þú getir ekki skráð þig inn. Nánari upplýsingar má finna í hlutanum „Vefkökustjórn“ hér fyrir neðan.

## Tegundir vefkaka

Þær tegundir af kökum sem við notum má flokka í eftirfarandi almenna flokka:

- **Nauðsynlegar kökur.** Þessar kökur eru nauðsynlegar til að stafrænt efni okkar, svo sem vefsvæði sem þú vilt fara á, virki sem skyldi. Ekki er hægt að gera þessar kökur óvirkar í kerfum okkar. Þær eru til dæmis nauðsynlegar þegar um er að ræða fellilista þar sem velja skal land og sértæk vefsvæði sem óskað er að fara á. Einnig eru þær nauðsynlegar til að innskráning takist eða til að finna eyðublöð sem fylla á út á netinu.
- **Afkastakökur.** Þessar kökur gera okkur kleift að skilja hvernig stafræna efnið okkar er notað. Þær safna tilteknum upplýsingum, til dæmis um fjölda heimsókna, hvaða svæði farið er á, hvernig notendur ferðast um vefsvæðið, hvort notendur fá villuskilaboð og hvort rafræn samskipti sem við sendum eru opnuð eða hvort smelt er á tengla í slíkum samskiptum. Þessar upplýsingar gera okkur kleift að meta stafræna efnið okkar og bæta það, til dæmis með því að gera breytingar til að auðvelda notendum að ferðast um vefsvæðið.
- **Virknikökur.** Þessar kökur gera okkur kleift að bæta virkni okkar og sérsníða upplifun notenda. Til dæmis hjálpa þær til við að muna val þitt, leyfa okkur að sérsníða stafræna efnið okkar fyrir þig og virkja eiginleika, svo sem myndskreið, í stafræna efninu okkar.
- **Auglýsingakökur.** Við notum þessar kökur ásamt samstarfsaðilum stafrænna auglýsinga, en þeir hafa leyfi til að setja kökur frá þriðja aðila í stafrænt efni frá okkur með okkar leyfi. Auglýsingakökur safna upplýsingum um notkun þína á stafrænu efni frá okkur og öðru efni á netinu til að auðvelda okkur að skilja hvaða efni þú hefur áhuga á. Þessar kökur geta hugsanlega einnig borið kennsl á hvaða vefsvæði önnur kunna að hafa vísað þér á stafræna efnið okkar. Auglýsingakökur geta hjálpað okkur eða samstarfsaðilum okkar að sérsníða efni fyrir þig, þar á meðal með auglýsingum á netinu, í tölvupósti eða á samfélagsmiðlum.

## Nánar um kökur

<sup>1</sup> Til dæmis hafa sum systurfélög okkar, t.d. þau sem hafa nafn með „Oak Hill Advisors“ eða „OHA“, sínar eigin reglur um kökur, og þær reglur eiga við um þig þegar þú notar stafrænt efni frá þeim.

Stillingar á kökum og notkun á þjónustuveitum: Kökum í stafrænu efni frá okkur hefur ýmist verið komið fyrir af okkur sjálfum, þjónustuveitu okkar eða samstarfsaðilum okkar. Kökurnar sem eru stilltar af vefsvæðinu sem þú ferð á eru kallaðar kökur fyrsta aðila (t.d. kökur sem eru á vafranum þínum undir umsjón okkar þegar þú ferð á vefsvæðið okkar). Kökum frá þriðju aðilum í stafrænu efni frá okkur er komið fyrir gegnum vefsvæði þriðja aðila (til dæmis vafrakökur sem settar eru í vafrann og stjórnað af samstarfsaðila okkar þegar þú heimsækir vefsvæðið okkar). Hugsanlega vinnum við með þjónustuveitum okkar að því að setja kökur frá fyrsta eða þriðja aðila í stafrænt efni okkar. Þessar þjónustuveitir kunna að nota þessa tækni til að auðvelda okkur að koma okkar eigin efni og auglýsingum á framfæri og taka saman nafnlausar mælingar og greiningar á vefsvæðum. Við leyfum engum þjónustuveitanda að safna persónuupplýsingunum þínum (stundum kallaðar persónugögn) á vefsvæðum okkar eða í þjónustu, forritum eða verkfærum á sínum eigin forsendum. Þessar þjónustuveitir eru bundnar trúnaði við okkur og heyra undir aðrar lagalegar takmarkanir hvað varðar notkun þeirra eða söfnun persónuupplýsinga.

Notkun auglýsingakaka: Við gætum notað þriðju aðila, t.d. auglýsingaaðila, til að birta þér auglýsingar þegar þú heimsækir stafrænt efni frá öðrum. Auglýsingaaðilarnir sem við vinnum með safna ekki persónugreinanlegum upplýsingum, svo sem nafni, heimilifangi, símanúmeri eða netfangi, heldur fá þeir upplýsingar í gegnum kökur þriðju aðila hvað varðar virkni þína í stafrænu efni og annars staðar á netinu, ásamt upplýsingum sem tengjast vafranum þínum og tækinu, t.d. auðkenni tækis, Ip-tölu eða auglýsingaaðuðkenni (IDFA). Upplýsingarnar sem er safnað eru notaðar til að greina þær tegundir auglýsinga sem þér eru birtar á öðrum vefsvæðum og í stafrænu efni frá okkur.

Eftir því sem við á, og samkvæmt California Consumer Privacy Act (CCPA), mun notkun auglýsingakaka teljast „sala“ eða „deiling“ persónuupplýsinganna. Við seljum ekki persónuupplýsingar til tekjuöflunar, en við gætum selt eða deilt persónuupplýsingum vegna markmiðunar auglýsinga (þ.e. Samhengismiðuð auglýsingabirting samkvæmt CCPA), en það er talin vera sala eða deiling skv. CCPA þegar slíkt á við um gagnvirkni þína á þessum vefkökum í stafrænu efni frá okkur.

Tenglar á önnur vefsvæði og samfélagsmiðla: Stafrænt efni frá okkur gæti innihaldið tengla á stafrænar eignir annarra aðila, og tengslaferlið gæti falið í sér að kökur frá þriðja aðila séu settar á tækið þitt. Kökur gætu einnig verið notaðar til að virkja efnisdeilingu í gegnum deili-/lækhnappa samfélagsmiðla, t.d. Facebook, Instagram, Twitter/X eða LinkedIn, og gæti verið sýnilegt þér á viðkomandi síðum stafræns efnis frá okkur. Þegar þú lokar stafrænu efni frá okkur munu reglur þriðju aðila um persónuvernd og kökur eiga við.

Tímalengd: Endingartími kaka í tækinu þínu fer eftir því hvort þær séu lotukökur eða langtímakökur. Lotukökur eru notaðar til að geyma upplýsingar meðan á vafralotu eða annarri netlotu stendur, og renna sjálfkrafa út þegar þú lokar vafranum eða farsímaforritinu. Langtímakökur eru notaðar til að geyma upplýsingar lengur, en þær gætu runnið út sjálfkrafa eftir ákveðinn tíma.

## Stjórn vefkaka

Stillingar vafra: Vafrar flestra tölva og annarra vef tengdra tækja gætu verið stilltir til að samþykka eða hafna ákveðnum tegundum kaka, en það fer eftir vafranum sem þú notar. Ef þú vilt breyta kökustillingum geturðu gert það í stillingum vafrans/tækisins (skoðuðu hlutann „Hjálp“). Sumir vafrar hafa eiginleikann „ekki rekja“ sem gerir þér kleift að láta vefsvæði vita að þú viljir ekki láta fylgjast með virkni þinni á netinu. Sem stendur svörum við ekki merkjum vafra um að „ekki rekja“.

Stjórnverkfæri kaka á vefsvæðum: Eftir tegundum vefkaka og gildandi lögum gætum við boðið þér að stjórna ákveðnum tegundum vefkaka á mismunandi vefsvæðum. Þegar þetta á við sérðu tengla neðst á vefsvæðinu, t.d. „Stjórna kökum“ eða „Ekki selja/deila persónuupplýsingunum mínum“, og þú gætir séð sprettiborða vefkaka efst á vefsvæði sem þú ferð á.

## Hafa samband

Ef spurningar vakna um stefnu um notkun á kökum skaltu hafa samband við [Global.Privacy@troweprice.com](mailto:Global.Privacy@troweprice.com).

## Upplýsingar og breytingar á þessari stefnu um notkun á kökum

Þessi stefna um notkun á kökum er nýlegasta útgáfan, og dagsetning síðustu yfirferðar er tekin fram hér fyrir neðan. Við áskiljum okkur rétt til að breyta stefnu um notkun á kökum af og til, og við ráðleggjum þér að fara á vefsvæðið reglulega til að sjá hvort breytingar hafi verið gerðar. Ef við gerum breytingar ber okkur skylda til þess samkvæmt lögum að gera þér kunnugt um það (t.d. í tölvupósti), og við munum gera það.

Síðast uppfært: 31. ágúst 2023